

REGLUGERÐ

um ábyrgðartryggingu verðbréfamiðlana.

1. gr.

Fyrirtæki sem hyggst stunda miðlun verðbréfa skv. 9. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka víðskiptavinum sínum í starfsemi sinni, sbr. 3. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

2. gr.

Verðbréfamiðlun uppfyllir tryggingaskyldu sína annað hvort með því að kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða ábyrgðartryggingu hjá víðskiptabanka, sparisjóði eða annarri lánastofnun sem hefur starfsleyfi hér á landi. Ábyrgðartrygging verðbréfamiðlunar skal taka til starfsemi hennar hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. gr.

Ábyrgðartrygging verðbréfamiðlunar skal bæta víðskiptavinum almennt fjártjón sem leitt verður af gáleysi í störfum starfsmanna hennar. Ábyrgðartrygging skal tekin til eins árs í senn og nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á tryggingartímabilinu. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tryggingartímabils getur þó ekki orðið hærri en 16.500.000 kr. Fjárhæðir þessar skulu miðast við vísitölu neysluverðs og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á henni. Grunnvísitala er 195,5 vísitala janúarmánaðar 2000.

Váttryggingafélagi, víðskiptabanka, sparisjóði eða annarri lánastofnun er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

4. gr.

Falli ábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag, víðskiptabanki, sparisjóður eða önnur lánastofnun tilkynna það tryggingataka og víðskiptaráðuneytinu þegar í stað. Tryggingartímabili telst þó eigi lokið fyrr en átta vikur eru liðnar frá því að váttryggingafélag, víðskiptabanki, sparisjóður eða önnur lánastofnun tilkynnti tryggingataka og ráðuneytinu sannanlega um tryggingarslit. Að þeim tíma loknum telst starfsleyfi verðbréfamiðlunar úr gildi fallið nema önnur fullnægjandi ábyrgðartrygging hafi verið sett.

5. gr.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu verðbréfamiðlunar í tryggingarskilmálum en slíkt má ekki skerða réttarstöðu þriðja manns til bóta. Tilhögunar eigin áhættu skal getið í skilmálum tryggingar. Sé trygging í formi váttryggingar er jafnframt heimilt að geta eigin áhættu í váttryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

6. gr.

Skilmálar ábyrgðartrygginga skv. reglugerð þessari skulu látnir víðskiptaráðuneyti og Fjármálaeftirliti í té áður en þeir eru boðnir verðbréfamiðlunum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 361/1993, um tryggingaskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfavíðskipta, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 1. janúar 2001 skulu verðbréfamíðlanir afhenda viðskiptaráðuneytinu staðfestingu á að þær hafi í gildi ábyrgðartryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

Viðskiptaráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 505/1997 um grunnpóstþjónustu.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra sendinga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.
2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sendandi bréfapóstsendingar getur gegn sérstöku gjaldi auk hins almenna burðargjalds fengið tekna ábyrgð á sendingunni. Sendandi getur valið milli þess að ábyrgðarsendingin afhendist skráðum viðtakanda eða umboðsmanni hans einum eða megi öðrum kosti afhendast öðru heimilisfólki eða í afgreiðslu á vinnustað viðtakanda. Í allri kynningu á ábyrgðarþjónustu skal tekið skýrt fram hvaða skilmálar og sérstakt gjald gildi fyrir sitt hvora tegund ábyrgðarsendingar. Ábyrgðarsendingar frá útlöndum skulu afhentar skráðum viðtakanda einum eða umboðsmanni hans. Innlendar ábyrgðarsendingar skulu bera áritunina „Ábyrgð“ ásamt viðbótarorðum sem gefa til kynna hvor afhendingarmátinn eigi að gilda. Ábyrgðarsendingar til útlanda skulu bera áritunina „Ábyrgð“ eða „Recommandé“ á vinstri hlið utanáskriftarmegin.

3. gr.

5. mgr. 9. gr. orðist svo:

Miðann sem og áletrun sbr. 1. mgr. skal setja utanáskriftarmegin eftir því sem unnt er í efra vinstra horn eða fyrir neðan nafn og pósthfang sendanda ef svo ber undir eða ef um er að ræða sendingar í spjaldformi fyrir ofan utanáskriftina á greinilegan hátt.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Verðsendingar og póstaðvísanir skal aðeins afhenda eða borga út gegn kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans. Hafi sendandi með áletrun á sendingunni tilkynnt að hún